

Nr. 20-038 S 027 Vigri RE 71***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2184
Smiðaður: Flekkefjord Noregi 1992, stál
Stærð: 1217.4 brl. 2157.0 bt.
Mesta lengd: 66.96 m *Skráð lengd:* 59.4 m
Breidd: 13.0 m *Dýpt:* 8.53 m
Vél: Wärtsilä 1992, 3000 kW
Fjöldi skipverja: 26



Vigri©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 28. október 2019 var frystitogarinn Vigri RE 71 á veiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 10-14 m/sek.

Skipverjar voru að slá úr frystitæki þegar einn þeirra klemmdi illa baugfingur vinstri handar að fremstu kjúku á milli pönnu og kants á færiband. Varðskipið Þór flutti slasaða til Patreksfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sex plötufrystar voru á vinnsluþilfarinu, þrjár með sjálfvirkum úrslætti og þrjár með handvirkum úrslætti;
- að engin handföng voru á pönnunum í frystitækinu sem skipverjarnir voru að slá úr og voru allar pönnurnar hannaðar fyrir sjálfvirkt úrsláttarkerfi;
- að tveir skipverjar voru saman við úrslátt úr plötufrysti nr. 4 sem var fyrir handvirkan úrslátt og voru að taka pönnur úr efstu hillu frystitækisins;
- að fremsta kjúkan undir nöglinni mölbrotnaði og fremsti liðurinn var fastur eftir slysið;
- að fram koma að til stendur að setja sjálfvirkt úrsláttarkerfi fyrir alla plötufrystana;
- að ekki lá fyrir áhættumat fyrir þetta verklag en eftir atvikið var stofnuð öryggisnefnd um borð sem á að fara yfir slys og gera viðeigandi áhættumöt;
- að samkvæmt slasaða hefur ekkert verið gert til að breyta fyrirkomulaginu en samkvæmt öryggisnefnd á að skoða það.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var sú að ekki voru notaðar pönnur af réttri gerð í plötufrystana sem skipverjunum var ætlað að slá úr.